

Ljósmyndasamkeppni

Ljósmyndasamkeppni verður á hátíðinni Heim í Búðardal. Bestu myndirnar verða sýndar á bæjarhátíðinni og vonandi eitthvað fram eftir sumri. Samhliða verða allar myndirnar sýndar á vefnum. Myndum skal skila á stafrænu formi í prentupplausn á netfangið ferdamal@dalir.is. Myndirnar eiga að vera nýlegar, viðmiðið er að þær séu ekki eldri en 5 ára.

Keppt verður í þremur flokkum

- landslag í Dölum
- dýralíf í Dölum
- mannlíf í Dölum

Ljósmyndasamkeppnin verður auglýst nánar síðar, en tímabært að leita í eldri myndum að *ódauðlegu augnablikunum*.

Umhverfisviðurkenningar

Sú nýbreytni verður tekin upp á bæjarhátíðinni Heim í Búðardal að veittar verða umhverfisviðurkenningar. Því er um að gera að nota vorið til að hressa upp á umhverfið.

Tekið verður við tilnefningum þegar nær dregur.

Veittar verða viðurkenningar fyrir

- snyrtilegasta fyrirtækið í Dalabyggð
- snyrtilegasta garðinn í Búðardal
- snyrtilegasta býlið í Dalabyggð

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar er opin kl. 10-14 alla virka daga. Símatími er kl. 9 - 13 alla virka daga og síminn er 430 4700. Netfangið er dalir@dalir.is

Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 13-18 og laugardögum kl. 11-14. Flokkunarkrá er opin allan sólarhringinn.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Opnunartímar safnsins eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Síminn er 430 4720 og netfangið bokasafn@dalir.is.



DALAPÓSTURINN

7. tölublað, 11. árgangur
15. maí 2018

Sveitarstjórnarkosningar 26. maí 2018

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga í Dalabyggð verður haldinn laugardaginn 26. maí 2018 kl. **10-22** í félagsheimilinu **Dalabúð** í Búðardal. Kjósendum ber að framvísa persónuskilríkum á kjörstað.

Allir kjósendur í Dalabyggð eru í kjöri, nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því. Samkvæmt þessu hafa Halla Sigríður Steinólfsdóttir Ytri-Fagraðal, Ingveldur Guðmundsdóttir Stórholti og Jóhannes Haukur Hauksson Brekkuhvammi 1 skorast undan að taka kjöri.

Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu Dalabyggðar.

Framboðsfundur

Framboðsfundur vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí verður haldinn fimmtudaginn 17. maí kl. 20 í Dalabúð. Húsið opnar kl. 19:45.

Þeir sem hafa áhuga á að vera kosnir í sveitarstjórn Dalabyggðar og vilja taka þátt í fundinum skulu tilkynna þátttöku sína á skrifstofu Dalabyggðar í síma 430 4700 eða á netfangið dalir@dalir.is.

Gerð verður hljóðupptaka af fundinum og birt á vef Dalabyggðar.

Áhugasamir um setu í sveitarstjórn

Þeir sem vilja lýsa yfir áhuga á að starfa í sveitarstjórn Dalabyggðar og láta birta nafn sitt á heimasíðu Dalabyggðar skulu senda tölvupóst á dalir@dalir.is eða koma bréfi á skrifstofu Dalabyggðar sem fyrst. Stutt kynning á frambjóðanda og ljósmynd mega fylgja.